

Vefrit fjármálaráðuneytisins

26. júní 2008

Viðskiptin við útlönd það sem af er ári

Það sem af er ári hefur virði innflutnings aukist um 10%. Um nokkra magnminnkun er að ræða, að teknu tilliti til gengislækkunar krónunnar og hækkunar verðlags. Ef innflutningur skipa og flugvéla er undanskilinn hefur verðmætið aukist um 24%. Virði innfluttrar mat- og drykkjarvöru hefur aukist um 47% það sem af er ári sem skýrist af lægra gengi krónunnar og herra verði í erlendri mynt, en ekki er samdráttur að magni til enda um nauðsynjavöru að ræða. Sömu sögu má segja af eldsneyti en innflutningsvirði eldsneytis og olía hefur aukist um 41% frá áramótum. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins jókst magninnflutningur á eldsneyti (án eldsneytis fyrir flugvélar) um rúm 9% þrátt fyrir gríðarlegar verðhækkningar sem staðfestir hversu óteygjin eftirspurn eftir eldsneyti er til skamms- og meðallangs tíma. Verðmæti innfluttra hrá- og rekstrarvara hefur aukist um 30% á fyrstu fimm mánuðum ársins en innflutningurinn hefur aukist að magni til vegna aukins innflutnings á álóxið. Í vörspá ráðuneytisins var spáð 2,3% samdrætti að magni til í vöruinnflutningi á þessu ári en á fyrstu fjórum mánuðum ársins var samdrátturinn 2,6%.

Útflutningur vöru hefur aukist um 2,5% að magni til á fyrstu fjórum mánuðum ársins, þar af hefur útflutningur áls aukist um rúm 30%. Alcoa á Reyðarfirði náði ekki fullri framleiðslugetu fyrr en í apríl. Spáð var um 70% magnaukningu í álútflutningi á árinu og er enn gert ráð fyrir að sú spá muni ræstast og í heild um 6,5% aukningu útflutnings yfir árið. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins dróst útflutningur sjávarafurða saman um tæp 5% en í vörspá var gert ráð fyrir 9% samdrætti í útflutningi sjávarafurða.


Halli á vöruskiptajöfnuði var 7,8% af landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi en spáð var 4,2% halla yfir árið. Halli á viðskiptajöfnuði var 17,8% í fjórðungnum en spáð var 13,2% halla yfir árið. Þessi halli mun sömuleiðis dragast saman þegar á liður.

Hallinn á jöfnuði þáttatekna var rúmlega 20 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi en í síðustu spá var spáð halla upp á 85,5 ma.kr. yfir árið og er enn gert ráð fyrir að sú spá geti staðist. Sem fyrr eru vaxtagjöld vegna skuldabréfaeignar erlendra aðila í innlendum bréfum stærsti gjaldaliðurinn en endurfjárfestur hagnaður er sá liður sem sveiflast mest á milli ársfjórðunga.

Kerfislæg afkoma

Rekstur ríkissjóðs skilar ýmist afgangi eða halla á ári hverju. Þegar afkoman er skoðuð frá ári til árs sést yfirleitt hæg sveifla þar sem tímabil afgang og halla skiptast á; afkoman er jákvæð um tíma og snýst svo í halla. Þessi tímabil eru mislöng og inn á milli getur sveiflan orðið snöpr. Sveiflan í afkomu ríkissjóðs hefur löngum verið skoðuð í samhengi við hagsveifluna og áhrif hennar síðarnefndu á hina fyrrenefndu eru vel þekkt. Þannig vilja menn greina þau áhrif sem hagsveiflan hefur á afkomu ríkissjóðs og opinbera geirans í heild. Sem einfalt dæmi um þessi áhrif má nefna að í góðu árferði og við mikla atvinnu aukast tekjuskattar ríkissjóðs og útgjöld hans til atvinnuleysisbóta minnka. Við fjármálastjórn ríkisins er mikilvægt að hægt sé að greina slík utanaðsteðjandi áhrif á útkomuna frá öðrum þáttum sem eru betur innan áhrifasviðs fjármálastjórnarinnar. Hér á eftir verður útskýrt hvernig áhrif hagsveiflunnar á ríkissjóð eru metin og þýðing slíkra útreikninga, en þeir eru einnig gerðir fyrir opinbera geirann í heild og á umfjöllunin jafnt við um hvort tveggja. Tekið skal fram að við þetta er horft á tölur um fjármál hins opinbera úr uppgjöri þjóðhagsreikninga en ekki úr ársreikningum.

Útreikningur á hagsveifluleiðréttri afkomu, eða kerfislægri afkomu, felur í sér að afkoman er reiknuð miðað við að hagkerfið væri í jafnvægi. Hún er því jafnframt nokkurs konar mælikvarði á sjálfbærni opinberra fjármála, þ.e. sú afkoma sem búast mætti við að jafnaði þegar horft er yfir alla hagsveifluna. Hagsveifluleiðréttingin krefst mats á framleiðslugetu hagkerfisins og vexti hennar yfir tíma. Mæld framleiðsla á hverjum tíma ákvarðast af framleiðslugetunni sjálfri og jafnframt af tilfallandi áhrifum sem ýmist eru jákvæð eða neikvæð,



misvaranleg og missterk. Dæmi um varanleg áhrif eru tækniframfarir sem leiða til aukinnar framleiðni og framleiðslu. Framleiðsluferillinn hnikast þá upp á við vegna aukinnar framleiðslugetu hagkerfisins. Aftur á móti fjara tímabundnu áhrifin út, samkvæmt skilgreiningu, en röð slíkra áhrifa orsakar sveiflur framleiðslunnar í kringum feril jafnvægisframleiðslugetunnar. Gert er ráð fyrir að áhrif þessara sveiflna á afkomu jafnist að mestu út yfir tíma, verri afkoma í niðursveiflu jafnist út á móti betri afkomu í næstu uppsveiflu. Útreikningarnir heimta einnig að næmni tekna og útgjalda gagnvart þessum frávikum sé metið. Mat á kerfislægri afkomu fer því fram í þremur skefum:

A. Mat á framleiðslugetu og frávikum frá henni

Framleiðslugetuna má áætla með tvennum hætti, með tölfræðilegum aðferðum eða út frá framleiðslufalli. Fjármálaráðuneytið kys að nota seinni aðferðafræðina sem felst í því að tengja saman með Cobb-Douglas framleiðslufalli annars vegar fjármagnsstofn og vinnuafli og hins vegar framleiðni þessara framleiðsluþátta. Þannig fæst framleiðslugetan á hverjum tíma sem aftur er notuð til að reikna út stærð frávíka í framleiðslu á hverjum tíma, svonefnda framleiðsluspennu.

B. Mat á hagsveifluþætti tekna og gjalda

Meta þarf hver næmni, eða teygni, tekna og gjalda er gagnvart framleiðsluspennunni. Teygnistuðull skatttekna segir til um hve mikillar breytingar sé að vænta í skatttekjum við ákveðna breytingu í framleiðsluspennu. Teygnistuðull skatttekna ríkissjóðs hefur verið metinn 1,40. Það þýðir að við 1% aukningu framleiðsluspennu aukast skatttekjur um 1,4%. Hagsveifluþáttur tekna fæst því með því að horfa til framleiðsluspennunnar á hverjum tíma annars vegar og teygni- stúdulsins hins vegar. Hvað hagsveifluleiðréttingu útgjalda varðar þá gildir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum að þau eru aðeins leiðrétt fyrir áhrifum munarins á mældu atvinnuleysi og jafnvægisatvinnuleysi. Hér á landi væri þó ástæða til að taka einnig tillit til t.d. barnabóta og vaxtabóta þar sem þau útgjöld eru einnig næm fyrir hagsveiflunni.

C. Tekjur og gjöld leiðrétt fyrir hagsveifluþáttum sínum

Kerfislæg afkoma fæst loks einfaldlega með því að draga hagsveifluleiðrétt útgjöld frá hagsveifluleiðréttum tekjum. Á myndinni má sjá mælda afkomu og hagsveifluleiðréttá afkomu ríkissjóðs á undanföllum árum og spá til ársins 2010. Kerfislæg afkoma sveiflast minna en mæld afkoma en auk þess að horfa til einstakra ára þarf jafnframt að horfa til kerfislægrr afkomu yfir hagsveifluna. Algengt viðmið er að hagsveiflan gangi yfir á 10 ára tímabili. Kerfislæg afkoma ríkissjóðs að meðaltali sl. 10 ár hefur verið jákvæð um 0,86% af VLF.

Sumarfrí

Vefrit fjármálaráðuneytisins kemur næst út fimmtudaginn 14. ágúst

Gleðilegt sumar



Tekjur ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og tryggingjöld	18,1	7,0
Skattar á tekjur og hagnað	22,3	11,1
Eignarskattar	-0,7	-17,8
Skattar á vöru og þjónustu	16,2	3,7
Tryggingagjöld	12,0	4,9
Tekjur alls	19,5	8,0

Gjöld ríkissjóðs janúar – apríl		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	14,9	12,8
Heilbrigðismál	8,6	7,2
Alm.trygg. & velferðarmál	15,4	9,1
Efnahags- og atvinnumál	20,6	4,8
Menntamál	11,3	12,0
Gjöld alls	13,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar – apríl		
Milljónir króna	2007	2008
Handbært fé frá rekstri	30.885	28.379
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	1.484	26.025
Afborgun lána	-32.024	-804
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	-31.864	23.901
Lántökur	46.052	9.701
Breyting á handbæru fé	14.188	33.602

Ýmsar hagttölur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (júni)	4,0	12,7
Kjarnaverðbólga (júni)	4,9	11,0
Launavísitala (maí)	9,6	7,9
Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Smásöluvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (maí)	1,1	1,0